



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokksins um lækkun eða niðurfellingu fasteignagjalda.

Á fundi borgarráðs þann 30. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokksins:

„Á vefsíðu borgarinnar kemur fram að Reykjavíkurborg sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignagjöld hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum. Þá veitir Reykjavíkurborg einnig afslátt af fráveitugjaldi sem greitt er til Orkuveitu Reykjavíkur. Miðað er við ákveðin tekjumörk. Þá kemur einnig fram að ekki þurfi að sækja sérstaklega um afslátt vegna þessara gjalda þar sem fjármála- og áhættustýringarsvið sjái um að framkvæma breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi eftir yfirferð á skattframtölum elli- og örorkulífeyrisþega. Þau sem eigi von á afslætti eða endurgreiðslu eigi að skrá bankaupplýsingar sínar. Spurt er út í það hvort að öll sem eigi rétt á þessum afslætti hafi fengið hann á síðustu árum og ef ekki hversu mörg hafi ekki fengið afsláttinn eða niðurfellingu gjalda? Spurt er út í það sem liðið er af þessu ári sem og síðustu tvö ár. Þá er einnig spurt út í það hvernig brugðist sé við ef að bankaupplýsingar liggja ekki fyrir hjá öllum þeim sem eiga rétt á lækkun eða niðurfellingu gjalda? Er borgin að leitast sérstaklega við að ná til þeirra og tilkynna þeim sérstaklega um að þau eigi rétt á afslætti? Hvernig er slíkt þá gert?“

Svar:

Spurt er út í það hvort að öll sem eigi rétt á þessum afslætti hafi fengið hann á síðustu árum og ef ekki hversu mörg hafi ekki fengið afsláttinn eða niðurfellingu gjalda? Spurt er út í það sem liðið er af þessu ári sem og síðustu tvö ár.

Öll sem falla undir afsláttarreglurnar og eru undir tekjuviðmiðunarmörkum afsláttar skv. samþykkt borgarráðs hverju sinni fá afslátt af fasteignagjöldum. Niðurstaða afsláttar af fasteignagjöldum byggir á upplýsingum úr skattframtölum um tekjur og koma frá Ríkisskattstjóra og berast Reykjavíkurborg einu sinni á ári. Reykjavíkurborg hefur ekki yfirsýn um fjölda þeirra sem af einhverjum ástæðum eru ekki með réttar fjárhagslegar upplýsingar um tekjur síðasta árs við upphaflega álagningu Ríkisskattstjóra en skila inn gögnum síðar og ættu samkvæmt uppfærðri álagningu að eiga rétt á afslætti. Í þeim tilvikum sem leiðréttum upplýsingum um fjárhagslega stöðu einstaklinga eða samskattaðra einstaklinga er skilað til Reykjavíkurborgar er framkvæmd leiðrétting á afslætti sem gildir fyrir allt álagningartímabilið eins og fyrir aðra afsláttarþega. Síðustu ár hafa um 10-20 erindi um afslátt vegna leiðréttra fjárhagslegra upplýsinga verið afgreidd hjá Reykjavíkurborg.



Þá er einnig spurt út í það hvernig brugðist sé við ef að bankaupplýsingar liggja ekki fyrir hjá öllum þeim sem eiga rétt á lækkun eða niðurfellingu gjalda? Er borgin að leitast sérstaklega við að ná til þeirra og tilkynna þeim sérstaklega um að þau eigi rétt á afslætti? Hvernig er slíkt þá gert?

Á hverju ári er sent út skýringarbréf með niðurstöðum afsláttar hvers árs þar sem óskað er eftir því að fá bankaupplýsingar ef þær vantar. Í bréfinu má einnig finna útskýringar á því hvernig er hægt að skila banka- upplýsingum í gegnum síma, tölvupóst eða með skráningu á www.reykjavik.is-minarsidur. Þar að auki er breytingarseðill afsláttar fyrir hvert ár sýnilegur á island.is, þar kemur fram að afsláttur sé til staðar og inneign hafi myndast. Reykjavíkurborg hefur einnig sent út sérstakt bréf þar sem vakin er athygli móttakanda á því að inneign sé til staðar en að bankaupplýsingar vanti. Auk þess hefur þjónustuver Reykjavíkurborgar hringt út sérstaklega til að leita eftir bankaupplýsingum ef þær eru rangar.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs